

Stefna um samfélagslega ábyrgð

Tilgangur

Að tryggja að stefna um samfélagslega ábyrgð og árangursmat hennar sé hluti af stefnumótun Ósa og dótturfélaganna Icepharma hf. og Parlogis (sameiginlega nefnd "samstæðan"). Stefnan er viðleitni til að stuðla að aukinni velferð samfélagsins í gegnum daglegan rekstur og langtímaáætlun um hvernig samstæðan getur lagt sitt lóð á vogarskálarnar til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum og arðbærum rekstri.

Gildissvið

Stefnan nær til samstæðunnar og skal vera leiðbeinandi fyrir félögin sem mynda hana, stjórnendur og starfsmenn.

Ábyrgð

Stjórn Ósa og dótturfélaga er meðvituð um samfélagslega ábyrgð samstæðunnar og auknar kröfur um sjálfbærni og felur forstjóra samstæðunnar að stýra þeirri vegferð. Lögfræðingur samstæðunnar ber ábyrgð á málaflokknum, árlegri útgáfu samfélagskýrslu og samfélagsuppgjöri í samstarfi við fjármálastjóra.

Stefnuyfirlýsing

- Samfélagsleg ábyrgð er samofin tilgangi og markmiðum starfseminnar og skal vera hluti af grunnrekstri samstæðunnar.
- Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félögin hafa á samfélag sitt, umhverfi, auk arðsemi.
- Stefnan byggir á fjórum meginstoðum sem tengjast innbyrðis og endurspeglja heilsutengdan tilgang, markmið og áherslur í starfseminni. Stefnumörkun, markmiðasetning og lykilverkefni mótast af meginstoðum stefnunnar.
- Til stuðning stefnunnar er einnig litið til heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Við gerum okkur grein fyrir því að samfélagsleg ábyrgð er stöðug vegferð og því setjum við okkur metnaðarfull en jafnframt raunhæf markmið sem kynnt eru fyrir hagsmunaaðilum.
- Með samstilltri nálgun, stöðugum umbótum, árangursmælingum og fræðslu munum við vinna að settum markmiðum og ná árangri.

- Við gefum árlega út samfélagsskýrslu sem nær yfir alla starfsemi samstæðunnar og byggir á rekstrarárinu á undan.
- Við birtum árlega samfélagsuppgjör samstæðunnar þar sem stuðst er við UFS viðmið og leiðbeiningar Nasdaq. Uppgjörið sýnir niðurstöður þriggja meginþátta UFS sjálfbærnimælikvarðans á gagnsæjan og samanburðarhæfan hátt. Niðurstöður uppgjörins eru teknar saman fyrir hvert félag innan samstæðunnar.
- Stefna um samfélagslega ábyrgð, samfélagsskýrsla og samfélagsuppgjör er aðgengilegt öllum á vefsíðu Ósa og dótturfélaga.